

LISTIR

Sumar í Listasafni Íslands

MYNDLIST

Listasafn Íslands

ÝMIS TÆKNI
ÍSLENSKIR 20. ALDAR LISTAMENN

Til 1. september. Opíð þriðjudaga til
sunnudaga frá kl. 11-17.

SUMARSÝNING Listasafns Íslands er enn eitt tilbrigðið við þá samþjöppuðu pólífóníu sem svo oft hefur borið fyrir augu okkar og samanstendur af endurteknum tilraunum til að kynna íslenska nútímalist breiðum hópi gesta. Í þeim efnum er safninu, eins og fyrri daginn, sniðinn afar þröngur stakkur. Listasafn Íslands ræður vægast sagt yfir mjög takmörkuðu húsnæði þegar um jafnstóra kynningu er að ræða og íslenska list á öldinni sem leið.


Einhvern veginn er það svo að húsnæði þýtur upp með ógnarhraða á Íslandi nema þegar um er að ræða mikilvægar og bráðnaúðsynlegar menningarstofnanir. Þá er eins og allir dragi lappirnar með tilheyrandi efasemdum, úrtölum, nánasarvæli og öðrum tefjandi vandræðagangi. Yfirleitt þurfa bókasöfn, útvarpshús, leikhús, tónlistarhús og listasöfn að bíða áratugum saman eftir að yfirvöldum þókniast að koma þeim í sómasamlegt húsnæði. Þegar stofnun er loksins í höfn, eftir áratuga-, aldarfjórðungs- eða jafnvel aldarbið er húsnæðið orðið alltof lítið eða liggur undir skemmdum. Þessu er þverðfugt varið með einkarekið verslunarhúsnæði.

Endaþótt þörfin á frekari útbenslu í þeim efnum sé minni en engin rjúka upp risahallir á met tíma til þess eins að standa hálfótómar uns verslanirnar og fyrirtækin innandyra leggja upp laupana. Ofurtrú okkar á viðskiptum og verslunarhúsnæði, í öfugu hlutfalli við óendanlegri vantrú okkar á menningunni og menningarhúsnæði – raunar má kalla það menningarfælni – er til marks um gelgjulegt viðhorfið sem enn ríkir í okkar lítt þróaða borgarsamfélagi. Þar er lítill greinarmunur gerður á tiskubylgjum og menningarstraumum, glingri og list, stundargamni og gagnrýnum gildum, en öllu hrært saman í eina glaðhlakkalega og inntaksríya miðlungs-móðsuðu.

Gerum okkur í hugarlund eitt andartak hvernig Þórarinn B. Þorláksson og Ásgrímur Jónsson mundu taka sig út ef um þá léki viðlíka pláss og leikur um þjötlurnar í fataverslunum í Smáralind. Í staðinn mega þeir hírast með hverja mónumental myndina af annarri í alltof litlum sal.



Öndvegisverkið Mosi og hraun eftir Kjarval, frá 1939, er á sumarsýningu Listasafns Íslands.



Mikill fengur er að verkinu Titrandi strengir frá 1974 eftir Eyborgu Guðmundsdóttur á sýningunni. Sjaldséð og sérstakt verk.



Sólvagninn eftir Jón Gunnar Árnason, frá 1978, er trúlega stærsta höggmyndin á sumarsýningunni í Listasafni Íslands.

ur fari um abstraktkynslóðina í fjórða sal en millistríðsáramennina í fyrsta salnum stóra. Það getur varla stafað af öðru en meðfærileik óhlutbundnu verkanna samanborðið við þau hlutbundnu. Landslagsverk með rismiklum fjöllum krefjast berlega mun meira veggrymis en geometrísk abstraktverk. Sérstakan og sjaldséðan feng verður að telja verk Eyborgar Guðmundsdóttur á sýningunni, en hlutur Kristjáns Davíðssonar er helsti rýr.

Samtímasalurinn er helgaður því sem kallað er nýraunsæi áttunda áratugarins. Hér eru listamennirnir blessunarlega fáir miðað við stærð salarins, eða sjö. Fulltrúar poppsins eru þeir Bragi Ásgeirsson og Erró, en að þeim frátöldum er restin af svæðinu helguð Magnúsi Pálssyni og fimm félögum hans úr Súm. Sem upphengi er þetta ekki sem verst þarna undir súðinni, en spurningin er hvers vegna numið er staðar við kynslóðina sem fædd er á stríðsárunum.

Þótt sumarsýning Listasafns Íslands sé vissulega heiðarleg tilraun til að gera tuttugustu öldinni sómasamleg skil þrýtur plássíð þegar tveir áratugir eru eftir af öldinni. Gestir fá því ekki að njóta listar þeirra sem fæddir eru í stríðslok og síðar. Það er synd og skömm og lýsir vel hve þröngan stakk við sníðum listum okkar og menningu. Það er ef til vill ráð að listasafnið hafi makaskipti við Smáralindina. Þó ber ekki að lasta það sem sýnt er, né heldur bækl-ingana á íslensku og ensku, sem eru gestum til frekari upplýsinga um listamennina sem kynntir eru á sýningunni.

Halldór Björn Runólfsson

Íslensk menning í Hofgeismar

HALDIN var á dögunum íslensk menningarhátíð í Hofgeismar í Þýskalandi. Boðið var upp á fjölbreytta dagskrá en hátíðin stóð í þrjá daga.

Jón Egill Egilsson, sendiherra Íslands í Þýskalandi, setti hátíðina en meðal dagskrárliða var bókmenntakvöld þar sem fram komu meðal annarra Thor Vilhjálmsson rithöfundur og Atli Heimir Sveinsson tónskáld. Þá flutti Arndís Halla Ásgeirsdóttir sópransöngkona nokkur íslensk sönglög. Thor og Atli Heimir tóku einnig þátt í dagskrá um menningu og sögu Reykjavíkur, auk þess sem Atli brá upp mynd af Jóni Leifs, undir yfirskriftinni Nærmynd af tónskáldi. Samskonar dagskrárliður var helgaður Atla sjálfum.

Einnig var efnt til tónleika, þar sem fram kom Kammersveit Reykjavíkur. Á efnisskrá voru verk eftir Jón Leifs, Atla Heimi Sveinsson, Sveinbjörn Sveinbjörnsson og Hauk Tómasson.

Hátíðinni lauk svo með málstofu, þar sem fjallað var um Ísland á breiðum grunni, stjórnmál og sögu. Meðal þátttakenda í málstofunni var Auðunn Arnórsson blaðamaður.



Kammersveit Reykjavíkur ásamt Arndísi Höllu Ásgeirsdóttur, Thor Vilhjálmssyni og Atla Heimi Sveinssyni.

Valtingojer í Galleríi Klaustri

SÝNING á nýjum verkum eftir Ríkharð Valtingojer verður opnuð í Galleríi Klaustri á Skríðuklaustri á morgun. Á sýningunni verða grafíkverk unnin með aðferð sem Ríkharður hefur verið að þróa að undanförmu og kallar „ferrotinta“.

Ríkharður Valtingojer fæddist árið 1935 í Bolzano á Ítalíu. Hann ólst upp í Austurríki frá sex ára aldri og fluttist til Íslands árið 1960. Hann hefur haft myndlist að atvinnu um fjögurra áratuga skeið og jafnframt starfað sem kennari við MHÍ síðan 1975, lengst af sem deildarstjóri grafíkdeilda. Núna er hann umsjónarmaður grafíkdeilda við Listaháskóla Íslands. Ríkharður fluttist til Stöðvarfjarðar árið 1985 og starfrækir þar Gallerí Snærós ásamt eiginkonu sinni, Sólrúnu Friðriksdóttur myndlistarmanni.

Sýningin stendur til 2. ágúst í Galleríi Klaustri og er opin kl. 11-17 alla daga vikunnar.